

Menningar- og viðskiptaráðuneyti

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd**
Sendandi: **Menningar- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **16.05.2023**
Málsnúmer: **MVF22080089**
Bréfalykill: **03.02**

Efni: Svar við fyrirspurn allsherjar- og menntamálanefndar um skilyrta styrki og réttindatekjur

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar) þann 5. maí sl. var óskað eftir upplýsingum um hvort framleiðslustyrkir á hinum Norðurlöndunum til kvikmyndagerðar væru skilyrtir á þann veg að leikurum og öðru starfsfólki væru tryggð laun samkvæmt kjarasamningum. Fyrirspurnin kemur í kjölfar umsagna sem bárust um frumvarpið. Einnig var óskað eftir upplýsingum um réttindatekjur (e. royalties) á hinum Norðurlöndunum og hvort framleiðslustyrkir væru skilyrtir við greiðslu þeirra þar.

Óskað var eftir upplýsingum frá Kvikmyndamiðstöð Íslands sem hefur umsjón með rekstri og starfsemi Kvikmyndasjóðs skv. 1. tl. 3. gr. kvikmyndalaga, nr. 137/2001, um efnið.

Í svari miðstöðvarinnar segir að samningar um kjarasamningsbundin réttindi eigi sér stað milli starfsmanns og vinnuveitanda. Starfmaður og vinnuveitandi hafi sín fagfélög til stuðnings til að gæta réttinda sinna. Á hinum Norðurlöndunum hafa fagfélögin verið sterkari en hér á Íslandi og fylgt þessum málum eftir sem gerir kvikmyndastofnunum þar erfiðara fyrir að styrkja verkefni þar sem ekki er greitt skv. kjarasamningum. Eftirlitshlutverk um framfylgð kjarasamninga liggja þó ekki hjá viðkomandi kvikmyndastofnun. Styrkveitingar kvikmyndasjóða Norðurlandanna eru því ekki með tilgreindum skilyrðum. Þar er heldur ekki gert að skilyrði fyrir styrkveitingar að tryggt sé að réttindatekjur (e. royalties) séu greiddar í samræmi við samninga eða lagaákvæði.

Í 11. gr. reglugerðar nr. 229/2003 um Kvikmyndasjóð er fjallað um gögn sem skulu fylgja umsóknum og er í fjórum töluliðum fjallað um samninga sem skulu fylgja með umsóknum: í tl. 7. Skriflegir samningar eða staðfesting um fjármögnun, tl. 10 Upplýsingar um alla gerða og fyrirhugaða samframleiðslusamninga, tl. 15. Samningar við alla rétthafa og höfunda kvikmyndaverks og tl. 18. Upplýsingar um alla aðra samninga sem gerðir hafa verið um framleiðslu og fjármögnun kvikmyndar. Samningar við aðra aðila (t.d. leikara, búningahönnuði, dansara, bílstjóra o.s.frv.) sem hafa aðkomu að verkefninu á seinni stigum, heyra því ekki undir umsóknargögn í Kvikmyndasjóð enda hafa viðkomandi aðilar ekki stöðu fjármögnunaraðila eða rétthafa/höfunda í skilningi höfundalaga þegar sótt er um. Því er það ekki skilyrði við umsókn í Kvikmyndasjóð að allir samningar við þá aðila sem koma að kvikmyndaverkefni á seinni stigum liggja fyrir.

Hugtakið réttindatekjur (e. royalties) í almennum skilningi tekur til löglega bindandi greiðslna til einstaklinga eða lögpersóna vegna viðvarandi notkunar eigna eða verka þeirra. Hugtakið réttindatekjur til höfunda eða annarra rétthafa er ekki skilgreint í höfundalögum, nr. 73/1972.

Annars vegar getur verið um að ræða tekjur sem um er samið á milli einstakra rétthafa og viðsemjenda þeirra á grundvelli einkaréttar höfunda, listflytjenda, framleiðenda myndrita og hljóðrita eða útværpsstöðva. Hins vegar getur verið um að ræða réttindatekjur sem umsýslustofnanir á sviði höfundaréttar innheimta og úthluta til rétthafa, sbr. skilgreiningu í 6. tölul. 2. gr. umsýslulaga, nr. 88/2019. Þar segir að réttindatekjur séu tekjur sem sameiginleg umsýslustofnun innheimtir fyrir hönd rétthafa hvort sem þær stafa af einkarétti, rétti til þóknunar eða rétti til bóta.

Hvað varðar réttindagreiðslur á grundvelli höfundalaga vegna þóknana eða bóta vegna kvikmynda þá er einungis kveðið á í höfundalögunum að bætur skuli greiddar fyrir eintakagerð til einkanota, sbr. 3. mgr. 11. gr. höfundalaga. Slíkar bætur eru innheimtar og úthlutað af umsýslustofnuninni IHM sem greiðir þær til aðildarfélaga sinna sem eru eftirtalin: STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FÍL (Félag íslenskra leikara) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef, Félag leikstjóra á Íslandi og Félag leikskálda og handritshöfunda.